

Þingeyri 28. september 2023

**Efni: Beiðni um að Kómedíuleikhúsið, atvinnuleikhús Vestfjarða, komist á föst fjárlög eða fái fjárframlag til ákveðins tíma á grunni þess að leikhúsið er eina atvinnuleikhús Vestfjarða. Óskað er eftir fjárframlagi að upphæð 5 milljónir króna.**

Kómedíuleikhúsið er atvinnuleikhús Vestfjarða og hefur verið starfandi fyrir vestan frá því árið 2001. Síðan þá hefur leikhúsið sett á svið 53 leikverk sem öll hafa verið frumsýnd á Vestfjörðum og eftir það hefur leikhúsið farið í leikferð um landið. Leikverk Kómedíuleikhússins eiga það sameiginlegt að efni þeirra er sótt í vestfirskan sagnaarf. Í sumar frumsýndi leikhúsið t.d. nýtt leikverk sem fjallar um frönsku sjómennina sem voru árlegir gestir hér í Dýrafirði í fjölda mörg ár. Kómedíuleikhúsið rekur sitt eigið sumarleikhús í Haukadal í Dýrafirði og sýnir um sumarið fyrir heimamenn sem og ferðamenn er sækja Vestfirði heim. Á veturnum skuttla leikhúsið leikmyndum sínum í skottið á hinn kómísku bifreið og fer í leikferð um landið með leikrit sín. Þannig hafa íbúar bæði Vestfjarða og landsbyggðarinnar fengið að njóta atvinnuleiksýninga Kómedíuleikhússins í yfir tvo áratugi.

Rekstur atvinnuleikhús Vestfjarða hefur gengið upp og ofan í gegnum tíðina þrátt fyrir alla þessa starfsemi. Af þeim 53 leikverkum sem við höfum sett á svið höfum við 5 sinnum fengið styrk frá Sviðslistasjóði. Við höfum því þurft að vanda okkur einstaklega vel og gera fjöldamargar sýningar sem borga sig sjálfar. Við höfum notið stuðnings frá Uppbyggingarsjóði Vestfjarða frá 1 og hálfri til 1 milljóna króna í rekstra styrk og svo 500 þúsund í verkefnastyrk. Einnig erum við með samstarfssamning við Ísafjarðarbæ. Einsog þessar tölur sína þá duga þær skammt þegar um rekstur atvinnuleikhús er að ræða.

Því leitum við nú til Fjárlaganefndar með ósk um að Kómedíuleikhúsið komist á föst fjárlög eða fái ákveðið fjárframlag frá hinu opinbera til ákveðins tíma. Mundi það verða gjört með það að leiðarljósi og meginmarkmiði að efla og tryggja í sessi starfsemi fyrsta og eina atvinnuleikhús Vestfjarða, Kómedíuleikhúsið.

Með einlægri kveðju úr vestrinu eina,

Elfar Logi Hannesson, leikari og leikhússtjóri Kómedíuleikhússins

Kómedíuleikhúsið

Vallargötu 3

470 Þingeyri

[www.komedia.is](http://www.komedia.is)